

hinn áfrýjaða dóm, einnig að því ómerking orðsins „fótografs-tötrið“ snertir, því hinn stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu; einnig fellst yfirdómurinn á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður.

Þvi dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Í-dæmdur málskostnaður lúkist innun 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lög-um.

Mánudaginn 10. ágústmán.

Nr. 10/1885.

Útvegsmaður H. C. Kruge

gegn

hjeraðslækni Þorvaldi Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 26. nóvbr. f. á., var hinn stefndi, útvegsmaður H. C. Kruge, að viðlagðri 4 kr. dagsekt, dæmdur til þess að flytja hús eitt, er hann hafði byggt á lóð sinni í 1—2 $\frac{1}{2}$ áln. fjarlægð frá lóð áfrýjanda, nábúa síns, Þorvaldar hjeraðslæknis Jónssonar.

Þessum dómi hefur H. C. Kruge skotið til yfirdómsins og krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, og hann sýknaður af kærnum og kröfum hins stefnda, en stefndi dæmdur til að greiða málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi. Á hinn

bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að undirrettar-
dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til
að greiða sjer málskostnað með 30 kr. eða einhverju
nægilegu.

Hinn 27. marz leyfði byggingarnefnd Ísafjarðar-
kaupstaðar áfrýjanda að byggja íveruhús 12×9 áln.
og geymsluhús 15×10 áln. á lóð hans, annað í línu
með horninu á Sigurgeirshúsi, 10 áln. frá því, og
hitt fyrir aptan. Nú byggði áfrýjandi annað húsið
svo nærri lóð hins stefnda, að ekki voru nema 1—
2¹/₂ al. milli þess og lóðar hins stefnda; hugði á-
frýjandi sig hafa leyfi til þessa samkvæmt útvísun
byggingarnefndarinnar. Opið brjef 26. janúar 1866
mælir svo fyrir, að þegar byggt sje nýtt hús, skuli
það ávallt standa að minnsta kosti 10 áln. frá næstu
húsum. Þessi ákvörðun er að vísu auðsjáanlega
sett til tryggingar, ef eldsvoða bæri að höndum, en
þótt ekki sje með berum orðum sagt í nefndri laga-
ákvörðun, hve langt húsið skuli reist frá lóð nábú-
ans, þá flýtur það af eignar- og notkunarrjetti hans
á lóð sinni, að ekki má byggja nema með leyfi hans
nær lóð hans en svo, að honum ekki sakir ákvörð-
unarinnar í hinu nefnda opna brjefi verði bægt frá
að nota lóð sína til að reisa hús á þannig, að notk-
un hans á sinni lóð verði ekki þrengri eða rýrari
en notkun nábúans á sinni, en þar af leiðir aptur,
að sá, sem reisir hús, má ekki reisa það nær en í
5 áln. fjarlægð frá lóð nábúans.

Það verður því að skylda áfrýjanda til að flytja
þetta hús sitt svo, að það ekki verði nær lóð hins
stefnda en 5 álnir, og með því yfirdómurinn einnig
fellst á ákvæði undirdómsins um málskostnað, ber að

staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 22/1885

Hið opinbera
gegn
Birni Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp í lögregludómi Akur-eyrarkaupstaðar 10. apríl þ. á., var Björn prentari og ritstjóri Jónsson dæmdur fyrir að hafa prentað á sjerstöku blaði frumskrá þjóðliðs Íslendinga, án þess að geta þess á blaðinu, hvar blað þetta væri prentað, í 10 kr. sekt, er skyldi renna í fátækra sjóð Akur-eyrarkaupstaðar, eins og líka til að greiða allan málskostnað.

Þessum dómi er bæði að beiðni hins kærða og af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Það er að vísu svo, að hinn ákærði hefur borið í prófi 5. marz þ. á., að hann ekki hafi prentað annað um þjóðlið Íslendinga en það, sem prentað er í blaðinu Fróða, en samt sem áður virðist lögfull sönnun vera komin fram fyrir, að hann hafi prentað eða látíð prenta frumskrá þjóðliðs Íslendinga á sjerstöku blaði, án þess, eins og boðið er í tilskipun